



Hreppsnefnd 6. apríl 2000

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 6. apríl 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 6. apríl 2000 kl. 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð nefndarmenn velkomna til fundarins

1. mál. Atvinnu-og ferðamálanefnd kemur í heimsókn. Atvinnumálanefnd Vopnafjarðarhrepps var boðuð á þennan fund til umræðu um atvinnumál og fleira sem heyrir undir nefndina og bauð oddviti þá velkomna til skrafs og ráðagerða. Mættir voru frá atvinnumálanefnd Árni Magnússon, formaður nefndarinnar, Bárður Jónasson, Baldur Hallgrímsson, Helgi Þorsteinsson og Jóhann Róbertsson. Síðan var gengið til dagskrár. Árni Magnússon hóf umræðuna og sagði að nefndarmenn atvinnumála/ferðamála væru ekki alveg vissir um hvaða mál heyrðu undir nefndina og hvert starfssvið hennar væri. Sagðist hann hafa farið að einhverju leyti yfir drög að skýrslu sem Jakob Þór Haraldsson, ferðamálafræðingur er að vinna fyrir Vopnafjarðarhrepp. Spurði hann síðan um ýmis mál svo sem:

1. Verkefni í sambandi við samskipti við Vestur-Íslendinga.
2. Hvernig væri staða mála í Seólíta vinnslunni sem veitt var styrkur til að rannsaka hér inn af í Heiðinni.
3. Sumabústaðaland á Þorbarandsstöðum
4. Tjaldstæði
5. Útleiga á húsbílum og/ eða tjaldvögnum
6. Leiðarskilti fyrir frerðamenn

Næstur tók til máls Helgi Þorsteinsson og skýrði frá hugmyndum sínum um samskiptaverkefni við Vestur – Íslendinga og fólst hún í því að komið yrði á fót einskonar farskóla í íslenskukennslu og í framhaldi af því í ferðamálum. Sagðist hann hafa haft samband við ýmsa aðila og leitað upplýsinga og afla sambanda. Mikil umræða var um samstarf og/ í atvinnuþróun . Upp kom sú spurning hvaða aðgang eða kröfur hreppsnefndin ætti til starfskrafta frá Atvinnuþróunarfélagi Austurlands þar sem Vopnafjörður er þátttakandi í rekstri félagsins. Fundarmönnum bar saman um að drýgst yrði fyrir sveitarfélagið að ráð fastan starfsmann til að vinna að þessum málum hvort sem það yrði til lengri tíma eða skemmri tíma. Skýrt var frá því að starfsmaður Atvinnuþróunastofu Austurlands hefði komið því á framfæri að atvinnumálanefnd mætti með honum á fundi, fast, einu sinni í mánuði þegar hann kemur hingað. Samþykkt var eftir umræður að fela oddvita og sveitarstjóra að halda áfram ýmsum undirbúningsverkefnum. Upplýst var um stöðu seolía rannsóknna og að þær eru enn styrktar af Vopnafjarðarhreppi og hvað varða sumarhúsabyggð á Þorbrandsstöðum er verið að vinna að skipulagningu á svæðinu. Síðan þakkaði Árni Magnússon góðar umræður hreppsnefndar og atvinnumálanefndar og viku gestir síðan fund.

2. mál. Stefumótun í atvinnumálum bréf þróunarstofu Austurlands. Samþykkt var að semja við þróunarstofu Austurlands um samstarf.

3. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 28 mars sl. Samþykkt samhljóða

4. mál. Fundargerð menningarmálanefnd frá 20. mars. sl. Lögð fram til kynningar.

5. mál. Fundargerð endurbyggingarnefndar Kaupvangs frá 3. apríl sl. Fundargerðin rædd og mikil umræða var um það hvort farið yrði eftir samþykkt hreppsnefndar um útboð í endurbyggingu Kaupvangs eða hvort fara eigi eftir tillögu nefndarinnar sem er að semja við verktaka, eftir kostnaðaráætlun.

Fram kom eftirfarandi tillaga.

Tillaga: Hreppsnefnd gefur undirbúningsnefnd endurbygginganefndar Kaupvangs heimild til að ganga til samninga við Trésmiðju Ásgríms Magnússonar á grundvelli kostnaðaráætlunar.

Tillagan var samþykkt með 5 atkv. tveir á móti.

6. mál. Aðalfundur Tanga h/f. Samþykkt að oddviti fari með atkv. Vopnafjarðarhrepps á aðalfundi Tanga hf.

7. mál. Sláturfélag Vopnafirðinga h/f, bréf dags. 23. mars sl. Varðandi fasteingnagjöld. Bréf frá Sláturfélagi Vopnfirðinga þar sem félagið fer fram á lækkun fasteignagjalda, vegna erfiðrar fjárhagsstöðu félagsins. Hreppsnefnd telur að ekki sé hægt að verða við beiðni Sláturfélagsins um lækkun fasteignaskatta.

8. mál. Bréf dags. 27. mars sl. frá db Jakob Þórðarsona og Bjarna Stefánssonar, Sólbergi, varðandi uppkaup á ræktunarspildum og húsum. Í bréfunum er óskað eftir uppkaupum hreppsins á ræktun og útihúsum viðkomandi aðila, hvora eign á kr. 80 þús. Sveitarsjóra falið að ganga til samning við db. Jakobs Þórðarsonar og Bjarna Stefánsson. Jafnframt verði sveitarsjóra falið að leita samninga um niðurrif fjárhúsa og annarra útihús inna girðingar kauptúnsins.

9. mál. Tillaga til þingsályktunar um jarðgangaáætlun fyrir árið 2000-2004. Lagt fram til kynningar.

10. mál. SSA, bréf dag., 23 mars sl., varðandi sjúkraflug. Lagt var fram bréf með samþykkt frá fundi stjórnar SSA frá 23. mars 2000.

Stjórn SSA samþykkir að skora á heilbrigðisráðherra, alþingismenn og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að fengin verði sérhæfð sjúkraflugvél til að sinna sjúkraflugi landsbyggðarinnar og verði hún staðsett á Akureyri. Hreppsnefnd styður framkomna tillögu og mun leggja sitt af mörkum til að vinna henni framgang.